



Reykjavík 07. apríl 2014

Aðalskipulag Hafnarfjarðar.

Hér á eftir fara athugasemdir Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM) við tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025.

Almenn umsögn.

Hafnarfjörður er einn fallegasti bær landsins og elsti hluti bæjarins ber af flestum bæjum á Íslandi. Það gerir m.a. bæjarstæðið í hrauninu og sú gæfa að hraunið var ekki eyðilagt þegar bærinn byggðist. Í ljósi þess má kannski segja að það vanti skarpa sýn í þessa tillögu að aðalskipulagi, sem byggir á sérkennum Hafnarfjarðar. Framtíðin samkvæmt aðalskipulaginu virðist felast í því að dreifa meira úr bænum skera hann í sundur með stofnbrautum og reyna að líma saman aftur með stígum, undirgöngum og brúm. Aðalskipulagið verður af þessum sökum býsna mótsagnakennt. Það stefnir að auknum vistvænum samgöngum en margt bendir til þess að erfitt verði að ná því markmiði vegna þess að aðalskipulagið gerir jafnframt ráð fyrir áframhaldandi dreifingu byggðar og lengingu fjarlægða milli staða. Uppbygging stofnvegakerfis sker hverfin í sundur, tekur mikið pláss og eykur fjarlægðir og gerir vistvænar samgöngur þar með ekki fýsilegar fyrir almenning. Göng og brýr auka öryggi gangandi og hjólandi en lengir vegalengdir og er líklegt til að draga úr göngu og hjólreiðum í hinu stærra samhengi. Þannig skipulag dregur og úr líkum á að í hverju hverfi byggist upp sú nærpjónusta sem er nauðsynleg til að vistvænar samgöngur verði álitlegur kostur fyrir almenning. Æskilegt hefði verið að innbyrðis samræmis hefði verið gætt í markmiðum og tillögum aðalskipulagsins.

Að áliti LHM hefði verið æskilegt að horfa meira á innri vöxt og þéttingu byggðar í aðalskipulaginu.

Markmið í aðalskipulaginu.

LHM tekur undir markmið í kafla 1.3.3. Markmið - samgöngur, að með skipulagi og uppbyggingu vandaðs göngu- og hjólreiðastígakerfis skal unnið að því að draga úr bílaumferð og að tryggðar verði samfelldar og öruggar samgönguleiðir fyrir, akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur og að

almennings­samgöngur verði efldar með forgangi vagna á meginleiðum.

LHM leggur til í kafla 1.3.5. Markmið - menning og samfélagsþjónusta, að bætt verði við markmiði um að öll börn sem hafa aldur til eigi að eiga þess kost að hjóla með öruggum hætti í skólann og að í skólunum skuli vera örugg aðstaða til að geyma reiðhjól.

Athugasemdir við uppdrátt - LHM leggur til að:

1. Stígur verði meðfram núverandi Reykjanesbraut framhá Álverinu og Kapellunni. Þetta er lítil framkvæmd og getur þjónað til bráðabirgða ef bið verður á færslu Reykjanesbrautar.
2. Stígur verði meðfram Reykjanesbraut að norðanverðu á Kaplakrikasvæðinu og liggi milli Kaplakrika og Reykjanesbrautar.
3. Stígur verði samsíða stofnbraut vestan við íþróttasvæði merkt ÍP8 og skapi norður suður tengingu milli stíga meðfram stofnbrautum norðan og sunnan við.
4. Athugað verði hvort leggja eigi útivistarstíg meðfram strandlengju Hafnarfjarðar í samvinnu við nágrannasveitarfélögin. Ef ákvörðun er tekin um það vantar stíg um opið svæði OP1 norðan við bæinn til Garðabæjar og um opið svæði OP11 vestan við Straumsvík til sveitarfélagsins Voga vestan við.
5. Athugað verði hvort leggja eigi útivistarstíg eftir þjóðleiðinni gömlu um Grindaskörð til Selvogs í samvinnu við nágrannasveitarfélögin Grindavík og Ölfus og í samvinnu við önnur sveitarfélög sem eiga aðild að Reykjanesfólkvangi. Slíkur stígur ætti að vera ómalbikaður og bannaður vélknúinni umferð.

Virðingarfyllst



Árni Davíðsson
varaformaður LHM